

kynnast þessum hroðalegustu og lættulegustu vatnsföllum Íslands. Þau eru flest svo, að manulegum krafti er víst alveg of-vaxið, að veita þeim burt úr hinum náttúrlegu farvegum þeirra. Jökulvötn á flugsandi getr helzt enginn átt neitt við. Þau eru eins og hugr manns, alveg óútreiknanleg. Þau eru nærri því eins og hinir yfirnáttúrlegu vatna-andar, sem þjóðtrúin segir eigi heima í þessum vötnum. Það myndast brot yfir þau hringað og þangað í dag, en á morgun eru brotin slutt á allt aðra staði eða jafnvel horfin með ölla. Maðr má þakka fyrir, ef maðr getr klöngrazt yfir þessa jökulvatnsála á einhverju slíku augnabliksbroti, og þá er eftir á eins og maðr hafi komiðzt yfir um á baki einhvers ósýnilegs vatnsandá. Og þegar maðr er búinn að reyna þetta, þá getr maðr ekki annað en tekið það sem eintómt spaug, ef einhver kunningi manns á eftir segir við mann eins og séra Matías sagði við mig: „Þú ert svo góðr í vötnum“. — Og það er sannarlega gróði fyrir hveru þann, er hug hefir á vatnsveitingum, að sannferast um það fyrir eigin raun, að það eru margir þeir vatnsálar til, sem hvorki hann vé nokkur annar maðr getr neitt við átt.

Nú, eg varð ekki neinu vatnsveitingamaðr, — ekki í bókstaflegum skilningi. En forsjúin hagaði því samt svo, að sá lífsferill, sem eg komst inn á, eftir að eg lauk skólanámi mínu, gaf mér sérstakt tilefni, sérataka hvöt, til þess að

fluga og jafnvel til þess dálftið í verkinu að fást við nokkuð, sem eg kalla andlegar vatnsveitingar. Eg hafði leiðzt burt frá því að eiga nokkuð við vatnsveitingar í bókstaflegum skilningi til þess nú eftir að fullorðins árin kemu yfir mig að fara í fullri alvöru að hugsa um og eiga við hinar andlegu ár og hina andlegu loki, sem runnu og renna gegnum þjóðlíf míns eigin fæðurlands. Því betr sem eg virti fyrir mér ástand hins íslenzka þjóðlífs eg því betr sem eg lærði það að þekka, því sannferðari varð eg um það, að þar þurfti á miklum og stórkostlegum andlegum vatnsveitingum að halda, að þar voru andlegir stöðupollar, sem þurfti að veita burt, að til voru íslenzkir þjóðlífsstraumar, sem þurfti að þurrka upp, og að aftr voru aðrir straumar, auglýnilega með heilsusamlegu lífsins vatni í, sem þurfti að hleypa vexti í, svo miklum vexti, að þeir næði að flóa út yfir undirlendið og framleiða þar nýjan og aukinn andlegan gróðr. Og eg sá meira, eg sá, að það þurfti að hleypa nýjum straumum úr þjóðlífi annarra landa inn í þjóðlífið íslenzka, svo framarlega sem það ætti ekki að visna meir og meir upp og verða allt að því lifanda dauðt. Mér fullnægði ekki fremr en svo mörgum þjóðlífsstefnan á Íslandi. Eg trúði ekki á íslenzku pólitíkina, ekki á pólitík huna svo kölluðu þjóðernismanna, þjóðvinanna eins og þeir kölluðu sig sjálfir, og enn þá stóð á konungkjörnu pólitíkina. Svo fór eg